

Kennsluáætlun (má nýta sem matsramma og/eða gátlista)					
Kafli	Lýsing	0	1	2	3
Titilsíða	Titill námskeiðs, númer, misseri og ár. Fjöldi námsþátta og tímasettar staðbundnar lotur ásamt staðsetningu. Vísun kennsluskrá. Nafn umsjónarkennara og annarra kennara með tengingu í upplýsingar um þá, t.d. í Uglu. Einnig er vísun í upptökur með kynningu á kennurum ef tiltækar eru. Tenging í kennslukerfi (Moodle) og upplýsingar um hvort og hvernig Ugla er notuð. Upplýsingar eru um reglulega síma- og eða samtímafundi.				
Námskeiðskynning	Stutt kynning á námskeiðinu tilurð þess og tengingu við önnur námskeið, hverjir koma að kennslu og stuðningi. Fagleg nálgun t.d. hvaða kennslukenningar stuðst er við. Kynningin er tekin upp (vídeó) 3-5 mín.				
Hæfniviðmið – Markmið	Þekking og færni sem ætlast er til að nemendur nái með hliðsjón af viðmiðum um stamevrópskt háskólasvæði.				
Skipulag	Heildarskipulag námskeiðsins er kynnt, hver tengsl stað- og fjarnema eru og hvernig kennslu er háttað til þess að mæta til jafns þörfum þessara hópa.				
Námsefni	Skyldulesefni, bækur og annað efni og tilgreint eða vísað til hvar það er aðgengilegt. Ítarefni aðgreint og tenglar eftir því sem við á.				
Forsendur og skilyrði	Forkröfur um þekkingu og færni eru kynntar og einnig námskeið sem þarf að vera lokið eða stunduð samtímis. Tæknifæri tilgreind og/eða málakunnátta. Vísað á leiðir til úrbóta.				
Námskröfur	Fjallað er um það sem til er ætlast af nemendum svo sem hvað varðar verkefni, próf, þátttöku, mætingu og frammistöðu almennt, t.d. í umræðum. Eðli og gerð verkefna eru útskýrð og til hvers er ætlast, t.d. um lengd skriflegra verkefna og framsetningu, einnig tímasetningar fyrir lokaskil verkefna og prófa.				
Námsmat	Útskýrt er nákvæmlega á hverju lokaeinkunn byggist, hvernig matið sundurliðast og vægi hvers þáttar. Einnig er fjallað um á hverju matsviðmið byggjast, hver lágmarksframmistaða er og hvort um bónusa er að vænta fyrir t.d. færni og eða frammistöðu þátta sem ekki koma formlega til mats en reikna má til tekna.				
Kennslustefna og væntingar	Fjallað er um kennsluaðferðir eg eftir atvikum á hvaða námskenningum þær byggjast. Væntingar til nemenda eru tilgreindar. t.d. hvað varðar tilhlýðilega hegðun, virðingu fyrir skoðunum annarra, fordómaleysi en skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendum er einnig gerð grein fyrir hvers þeir geta vænst af kennurum svo sem hversu oft þeir bregðast við efni á umræðuvefjum og hvernig. Einnig hve fljótt er brugðist við fyrirspurnum.				
Námsþættir	Tímasettir námsþættir með stuttri lýsingu á efni, fyrirlestrum og násefni og tímasettum verkefnum ásamt lýsingum.				
Ráðgjöf	Vísað er í tækni- og skólaráðgjöf og hvaðeina sem reynsla sýnir að nemendur kunni að spyrjast fyrir um.				

Gæðarammi fyrst námskeið í Moodle (má nýta sem matsramma og/eða gátlista)					
Kafli	Lýsing	0	1	2	3
Forsíða námskeiðs	Haus með heiti námskeiðs og nöfnum kennara (myndir) ásamt tengingum með upplýsingum um þá í starfsmannaskrá				
	Kveðja og stutt kynning frá umsjónarkennara (upptaka).				
	Kennsluáætlun er aðgengileg í prentvænni útgáfu (pdf) og einnig á vefsíðum eftir köflum t.d.. „bók“ í Moodle. Tenging í námskeiðið í kennsluskrá.				
	Tilkynningar og umræðutorg: <ul style="list-style-type: none"> • Almennar fyrirspurnir og umræður • Nemendasjall • Tækniþjónusta (á einkum við um stór námskeið). 				
	Upphafskönnun ætluð til að fá upplýsingar um nemendur sem skipta máli fyrir námskeiðið. Einnig svæði þar sem nemendur geta skráð sig í tvo hópa eftir því hvort þeir hafa tök á reglulegri tímasókn eða ekki.				
Námsþættir	Námsþáttur er tímasettur í titli og heiti hans hefur tilvísun í efnið. Í uppsetningu er valið að fella námsþátt saman. Námsþátturinn er kynntur stuttlega með texta eða upptöku.				
	Fyrsta efnisskjalið (vefsíða eða pdf) inniheldur yfirlit um námsþáttinn: <ul style="list-style-type: none"> • Tímabil og hverjir kenna • Markmið og væntingar • Yfirlit um verkefni, skil og form þeirra. • Náms efni og ítarefni • Námsmat og hvað lagt er til grundvallar ásamt vægi. 				
	Námsefni er sett í möppu eða miðlað á vefsíðu. Það er fjölbreytt eftir við sem við á, vísað er í efni úr bókum og annað lesefni. Upptökur eru hluti af skylduefni námsþáttar og þeim skipað í merkta kafla. Vísað er á viðeigandi efni af Netinu.				
	Umræður námsþáttar eru vel skilgreindar og tímasettar (upphaf og endir). Umræðuspurningar eru settar fram og til hvers til er ætlast. Umræður eru metnar sem hluti heildarnámsmats og er tengdar við matstöflu (rubric) þar sem matsþættir eru sundurliðaðir. Tenging er eftir atvikum í skráningu í hópa vegna verkefnavinnu eða í umræðuhópa.				
	Skilaverkefni eru sett inn þeim námsþætti sem skil fara fram jafnvel þótt það taki einnig til fyrri námsþátta. Verkefni í ritgerðaformi eru tengd við matstöflu. Einkunnabók er uppsett fyrir alla matsþætti námskeiðsins. Verkefni eu eftir atvikum tengd TurnitIn til varnar ritstuldi.				
	Notkun gagnvirkra prófa sem oft fylgja kennslubókum og kannanir sem eins konar innra gæðamat.				
Fagurfræði	Borði (banner) efst á námskeiðsvef með heiti námskeiðs og t.d. myndir af kennurum eða eitthvað annað sem einkennir námskeiðið sérstaklega.				
	Bakgrunns- og textalitir mynda gott samræmi, m.a. eru fyrirsgnir og texti með samræmdri stafastærð og -gerð.				
	Framsetning er líflæg en fágúð og myndir sem hæfa efninu.				

